

## Fréttir

Benedikt Gröndal verður sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum:

## „Kom mér á óvart“

– segir Benedikt um nýja stöðu sína

„Þetta boð utanríkisráðherra kom mér á óvart. Þetta starf er allt öðruvísi en önnur sendiráð, ég er mjög kunnugur starfi á þessum vettvangi eftir að hafa sótt mörg allsherjarþing og hafréttarráðstefnur og ákvað því að taka þessu fyrst ég átti ekki kost á að halda áfram núverandi starfi.“ sagði Benedikt Gröndal sendiherra í viðtali við DV.

Benedikt ákvað í gær að þekkja stöðu Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra um að hverfa til New York og gerast þar sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Eins og DV hefur skýrt frá hafa undanfarið staðið stormar um Benedikt í embætti hans sem heimasendiherra með málefni sjö landa við Kyrrahaf. Utanríkisráðuneytið hefur

smám saman dregið úr því starfi og Jón Baldvin hefur lýst þeim vilja sínum að afnema það algerlega. „Það stendur raunar í lögum um opinbera starfsmenn að ef staða þeirra er lögð niður ber að gefa þeim kost á sambærilegri stöðu. Á föstudaginn skýrði ráðherra mér frá ýmsum hugmyndum sínum um skipulagsbreytingar og voru ræddir ýmsir

kostir sem ég gæti átt innan þeirra. Þessi staða var ein þeirra sem þá komu upp og ég hef ákveðið að taka henni.

Staðreyndin er sú að ég er ekki reiðubúinn að fara á eftirlaun og ganga um götur bæjarins. Það væri heldur ekki auðvelt fyrir gamlan og merktan stjórnmálamann að fá vinnu á almennum vinnumarkaði.“ HV

DV-báturinn fór ekki:

## Ætlar að sigla næsta sunnudag

Gunnar M. Úlfsson, sem gert hefur DV-bátinn, ætlar að sigla frá Reykjavík og upp á Akranes næsta sunnudag. Gunnar varð að breyta fyrri áætlun sinni vegna veðurs. Gunnar hafði ákveðið að sigla síðastliðinn sunnudag.

Eins og kunnugt er fer Gunnar í siglinguna til að safna fé fyrir sjúkrahúsið á Ísafirði. Báturinn er allur gerður úr pappír. Grindin er úr bylgjupappa sem er klædd með gömlum eintökum af DV.

-sme

Lánskjaravísitalan:

## Nýr grunnur hækkar meira en sá gamli

Samkvæmt útreikningum Hagstofnunar hækka launavísitala um 3 prósent um næstu mánaðamót. Hún verður þá 2311 stig.

Miðað við hækkan á vísitölum framfærslukostnaðar, byggingakostnaðar og launa mun því lánskjaravísitala fyrir næsta mánuð hækka um 2,6 prósent. Það jafngildir um 36,2 prósent árhækkun.

Eldri grunnur lánskjaravísitölunnar hækka lítið eitt minna eða sem nemur um 36,0 prósent árhækkun. Þetta er í fyrsta skipti síðan nýr grunnur lánskjaravísitölunnar var tekin upp að hann hækka vísitöluna meira en eldri grunnurinn.

-gse

## Nýr dómprófastur kjörinn

„Starfsfélagar mínir hafa sýnt mér mikið traust með því að velja mig til þessa starfs,“ sagði nýkjörinn dómprófastur, sr. Guðmundur Þorsteinsson, í samtali við DV.

Sr. Guðmundur fékk mjög eindreginn stuðning presta til starfsins eða 18 atkvæði en 21 prestur nýtti sér atkvæðisrétt sinn.

„Þetta var meiri stuðningur en ég átti von á,“ sagði sr. Guðmundur. Hann hefur gegnt embætti sóknarprests Árbæjarprestakalls í rúm 18 ár og segir þessa nýju ábyrgðarstöðu mjög áhugaverða að taka til við.

Þrjú aðrir prestar fengu atkvæði til dómprófastsstarfsins. Þeir voru sr. Arngrímur Jónsson, sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson og sr. Tómas Sveinsson en hver þeirra fékk eitt atkvæði. -RóG.



Frá höfninni á Djúpavogi og Búlandstindur í sinni tignarlegu reisn.

DV-mynd SÆ

Djúpivogur á afmæli í dag:

## Verslunarstaður í 400 ár

Sigurður Egiðsson, DV, Djúpavogi:

Í dag er 400 ára verslunarafmæli Djúpavogs en það var hinn 20. júní 1589 að Friðrik 2. Danakonungur fékk Hamborgarmönnum leyfisbréf í hendur til verslunar þar. Reyndar hófst sérstök afmælishátíð 17. júní og hefur staðið fram á þennan dag með tilheyrandi hátíðahöldum.

Verslunarafmælið hófst með því að gróðursettar voru 1000 trjáplöntur víðsvegar um byggðina, síðan var

farið í skruðgöngu frá grunnskólanum og niður að ípróttavelli þar sem sveitarstjórnin, Ólafur Ragnarsson, setti hátíðina. Þann 18. júní voru settar niður aðrar 1000 trjáplöntur og sömuleiðis hinn 19. júní. Í dag verða síðustu 1000 plönturnar komnar í mold og hafa þá 4000 tré verið gróðursett afmælisdagana fjóra, þúsund plöntur fyrir hver 100 ár. Margir burtfluttir Djúpavogsbúar hafa sótt þorpið heim í tilefni afmælisins og aðrir gestir hafa lagt leið sína þangað

til að samfagna heimamönnum.

Forseti Íslands, frú Vigdís Finnbogadóttir, er stödd eystra og mun ávarpa hátíðargesti í dag og í framhaldi af því verður mikilli afmælishátíð hleypt af stokkunum. Seinni part dags verður svo opnuð í grunnskólanum sýning á listaverkum eftir bræðurna Ríkarð og Finn Jónssyni frá Strýtu við Hamarsfjörð ásamt verkum eftir heimamenn og einnig verða sýndir gamlir munir er tengast hinni gömlu sögu og fleiri gripir.

## Forseti Íslands sæmði 19 Íslendinga fálkaorðu

Á þjóðhátíðardaginn, 17. júní, sæmði forseti Íslands nítján Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu að tillögu orðunefndar. Svo skemmtilega vill til að bræður voru að þessu sinni sæmdir riddarakrossi, þeir Gísli Pálsson bóndi og Hermann Pálsson fyrrverandi prófesser.

Eftirtaldir einstaklingar hlutu orðu:

Árni Helgason, fyrrverandi simstöðvarstjóri, Stykkishólmi, riddarakross fyrir störf að félags- og atvinnumálum.

Árni Jónsson erindreki, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu landbúnaðarins.

Árni Sigurjónsson fulltrúi, Kópavogi, riddarakross fyrir löggæslustörf.

Áslaug Friðriksdóttir, fyrrverandi skólustjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að skólumálum.

Björgvin Vilmundarson bankastjóri,

Reykjavík, riddarakross fyrir störf að bankamálum.

Brandur Stefánsson, fyrrverandi vegaverkstjóri, Vík, riddarakross fyrir störf að samgöngumálum.

Daníel Ágústínusson, fyrrverandi bæjarstjóri, Akranesi, fyrir störf í þágu ungmennafélagshreyfingarinnar.

Eðvarð Sigurgeirsson ljósmyndari, Akureyri, riddarakross fyrir forgöngu í ljósmyndun og kvikmyndagerð.

Friðjón Þórðarson alþingismaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

Gísli Pálsson bóndi, Hofi í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu, riddarakross fyrir störf að félags- og framfarumálum.

Gísli Jónsson menntaskólakennari, Akureyri, riddarakross fyrir kennslu- og fræðistörf.

Guðmundur Jónsson, forseti Hæstaréttar, Reykjavík, stórriddarakross

## Sandkorn DV

## Sérstakt minnismerki á Eskifirði



Fréttablaðið Austri gerði hátíðahöldum sjómannaðagsins góð skil – eins og góðu héraðsfréttablaði sæmir. Bláðið sagði meðal annars

frá hátíðahöldunum á Eskifirði. Þar var keppt í kappróðri, fallhlífarmenn stukkðu, messa var í kirkjunni og þá fór skruðganga að minnismerki í bænum og þar var lagður blómsveigur. Sandkornsritari rak upp stór augu er hann sá í blaðinu að hvaða minnismerki blómsveigurinn var lagður. Minnismerkið hafði verið reist til minningar um drukkna sjómenn. Það hefur farið leynt, ef rétt er að sjómenn frá Eskifirði drekka meira en kollegar þeirra annars staðar á landinu – og það svo mikið að ástæða hafi þótt til að reisa sérstakt minnismerki um óreglu þeirra. Þær sögur, sem eru bæði sannar og lognar, hafa gengið lengi með þjóðinni að sjómenn geti verið duglegri við drykkju en margir aðrir. Drukknun sjómönnum á Eskifirði hefur með þessu minnismerki verið sýndur talsverður sómi. Ekki er þess getið hver stóð að því að minnismerkið var sett upp – kannski það hafi verið Kvenfélagið. Eins er möguleiki, og það ekki ólíklegur, að prentvillupúkinn hafi leikið austfirka blaðið illa.

## Valur frá Reykjavík



Ípróttafréttamenn, sérstaklega ríkisfjölmiðlanna, taka nær undantekningarlaust fram er þeir segja frá keppni í meistaraflökki karla

í knattspyrnu að kapplið Þórs sé frá Akureyri. Sömu fréttamenn upplýsa hlustendur sína hins vegar aldrei um hvort verið sé að fjalla um Val frá Reykjavík eða Val frá Reyðarfirði. Ekki heldur hvort Víkingur er frá Reykjavík eða Ólafsvík. Í meistaraflökki eru tvö lið sem bera þessi nöfn – það er Valur og Víkingur – en aðeins eitt sem ber nafnið Þór. Þetta vita flestir ípróttááhugamenn – nema kannski þeir sem hafa atvinnu af því að fjalla um ípróttir.

## Óli sló í gegn



Óli Olsen, Íslendingurinn á Hawaii, sló heldur betur í gegn í sjónvarpsþætti sem gerður var um hann og sýndur á Stöð 2 fyrir skömmu. Frá

því að þátturinn var sýndur hefur Óli fengið tvö bönorðsbref frá íslenskum konum. Einnig hefur Óli fengið nokkrar símhringingar sama eðlis. Hægt er að upplýsa að Óli tók engu tilboðanna. Þess ber að geta að Óli er ekki lengur á Hawaii. Hann fékk sig fluttan og starfar nú á öðrum stað. Óli fékk sig ekki fluttan til að flýja ásókn íslenskra kvenna.

## Ekki sá fyrsti



Það vakti mikla athygli um helgina er sagt frá fæðingu og ekki síður fæðingarstað litla drengsins frá Ólafsvík. En eins og flestum

er kunnugt fæddist hann í flugvél frá Arnarflugi. Drengurinn er ekki fyrsti Ólsarinn sem fæðist í háloftum. Fyrir um hálfum öðrum áratug fæddist annar drengur frá Ólafsvík við mjög svipaðar aðstæður – það er í flugvél – sem var að flytja móður hans á sjúkrahús í Reykjavík. Þeir geta greinilega tekið upp á ýmsu Ólsararnir.

Umsjón: Sigurjón Egiðsson

-J.Mar